

Kennsluáætlun



Fjölbrautaskóli Snæfellinga

Grundargötu 44 - 350 Grundarfjörður - Sími: 430 8400

Áfangi:	ÍSLE3BF05
Kennari:	Solveig Guðmundsdóttir
Önn:	Haustönn 2019
Áætlun unnin:	Ágúst 2019

Markmið:

Þekkingarmarkmið:

Að nemendur hafi aflað sér þekkingar og skilnings á:

- bókmenntasögu frá landnámsöld til siðaskipta
- skiptingu bókmenntasögunnar í tímabil skráðra og óskráðra bókmennta
- fornum bragarháttum á borð við fornyrðislag, ljóðahátt og dróttkvæðan hátt
- sögu helstu eddukvæða
- skiptingu eddukvæða í goðakvæði og hetjukvæði
- hetjukvæðum, hugmyndafræði þeirra og boðskap
- helstu yrkisefni dróttkvæðaskálda
- skáldamáli dróttkvæða og eddukvæða, heitum og kenningum
- upphafi ritmennta á Íslandi, helstu skólasetrum, fræðiritum, bókagerð og varðveislu handrita
- grundvallarhugtökum um ritverk miðalda
- sérkennum konungasagna, biskupasagna, samtíðarsagna, Íslendinga sagna, Íslendingabátta, fornaldarsagna Norðurlanda og riddarasagna
- a.m.k. einni viðamikilli sögu frá miðöldum og geti gert grein fyrir efni hennar og hugmyndaheimi
- orðaforða og helstu máleinkennum þeirra texta sem lesnir eru
- hvaða áhrif fornbókmenntir hafa í nútímanum á t.d. umhverfi og menningu
- margmiðlunarefni sem unnið hefur verið í tengslum við fornbókmenntirnar

Leiknimarkmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- að taka saman nokkrar vísur eddukvæða og dróttkvæðar vísur, skilja þær og skýra vandlega, gera grein fyrir efni þeirra, heimsmynd og hugmyndafræði
- að afla sér heimilda um tiltekið efni og skrifa um það ritgerð samkvæmt viðurkenndum reglum með eða án samþættingar við aðrar greinar
- að tjá sig skriflega og munnlega á skýran og áheyrilegan hátt um efni tengt áfanganum

<ul style="list-style-type: none"> • upplestri fornra texta með áherslu á hrynjandi 	
Hæfnimarkmið:	
<p><i>Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • vinna að skapandi verkefnum í tengslum við námsefnið og sýna töluverð tilbrigði í málnotkun • beita skýru og blæbrigðaríku máli í ræðu og riti • taka þátt í málefnalegum umræðum, byggja upp skýra röksemdafærslu, tjá afstöðu og efasemdir um efnið og komast að niðurstöðu • túlka texta þótt merkingin liggi ekki á yfirborðinu • draga saman aðalatriði og beita gagnrýninni hugsun við lestur, túlkun og úrvinnslu krefjandi texta 	
sem metið er með:	<i>Leiðsagnarmati</i>

Námsefni:	<i>Ormurinn langi, Strengleikar, sögulega skáldsaga – bundið val, efni frá kennara</i>	
Námsmat:		
Prófseinkunn (%):	Kannanir úr efni annar	30%
Verkefnaeinkunn (%):	Eddukvæði	5%
	Dróttkvæði	5%
	Sagnaritun	5%
	Verkefni úr <i>Strengleikum</i>	35%
	Helgikvæði og veraldlegur kveðskapur	5%
	Lokaverkefni	15%

Skipulag náms:
Námstilhögun:
<p>Fjórir fastir tímar á viku, einn verkefnatími og að auki rafræn samskipti milli kennara og nemenda í gegnum Moodle, Skype og með tölvupósti. Auk þess hafa nemendur aðgang að kennara í skólanum flesta daga. Nám nemenda fer aðallega fram með verkefnavinnu og nemendur vinna ýmist einstaklings-, para- eða hópverkefni. Mikið er lagt upp úr</p>

sjálfstæðum vinnubrögðum og alls kyns tjáningu í formi kynninga og umræðna. Verkefnum er skilað á fjölbreyttan hátt og verður leiðsagnarmat alla önnina.
Um skilafrest og vanskil:
Engin sein skil leyfð í áfanganum.
Um próf:
<ul style="list-style-type: none"> Kennari áskilur sér rétt til að endurmeta einkunnagjöf fyrir verkefni nemanda ef nemandi getur hvorki útskýrt né rökstutt verkefni sín. Þá áskilur kennari sér einnig rétt til þess að gefa nemanda fyrst lokaekunn fyrir verkefni eftir rökstuðning nemanda með verkefni sínu eða munnlegt próf.
Vikuskema:
Sjá Innu

Áætluð yfirferð:		
Vikur	Efni	Skil á verkefnum og próf
34. vika 18.-24. ág. 20. ág. – fyrsti kennslud.	Eddukvæði – <i>Ormurinn langi</i>	verkefni
35. vika 25. – 31. ág.	<i>Strengleikar</i>	verkefni
36. vika 1. -7. sept.	Dróttkvæði – <i>Ormurinn langi</i>	verkefni
37. vika 8.-14. sept. Framhaldsd. 10.-13. sept.	<i>Strengleikar</i>	verkefni og próf I
38. vika 15.-21. sept.	Sagnaritun – <i>Ormurinn langi</i>	verkefni – fyrri skil
39. vika 22.-28. sept. 23. og 24. sept. – námsmatsd.	Sagnaritun – <i>Ormurinn langi</i>	verkefni – seinni skil

25. sept. – 1. umsögn		
40. vika 29. sept. – 5. okt.	<i>Strengleikar</i> Söguleg skáldsaga	verkefni umræður
41. vika 6.-12. okt.	<i>Strengleikar</i> Söguleg skáldsaga	verkefni umræður
42. vika 13.-19. okt.	Helgikvæði – <i>Ormurinn langi</i> Söguleg skáldsaga	verkefni umræður
43. vika 20.-26. okt. 22.-25. okt. Framhaldsd.	<i>Strengleikar</i> Söguleg skáldsaga	verkefni umræður
44. vika 27.okt.-2. nóv.	<i>Strengleikar</i> Söguleg skáldsaga	verkefni og próf II
45. vika 3.-9. nóv. 7. og 8. nóv. - námsmatsd.	Helgikvæði – <i>Ormurinn langi</i>	verkefni
46. vika 10.-16. nóv. 11. nóv. – 2. umsögn	<i>Strengleikar</i>	verkefni
47. vika 17.-23. nóv.	Veraldlegur kveðskapur á síðmiðöldum – <i>Ormurinn langi</i> Sumardagurinn fyrsti	verkefni
48. vika 24. -30.nóv.	<i>Strengleikar</i>	verkefni og próf III
49. vika 1.– 7. des. Framhaldsd. 2.-6. des.	Lokaverkefni annar	
50. vika 8.-14. des.	Námsmat Einkunnabirting 11. desember	

*Birt með fyrirvara um breytingar
Solveig Guðmundsdóttir*

